



Félag íslenskra sjúkráþjálfara

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/522
komudagur 1. 12. 2006

Reykjavík 30. nóvember 2006.

Stjórn Félags íslenskra sjúkráþjálfara (FÍSP) fagnar því að fá til umsagnar frumvarp til laga um embætti landlæknis.

Félag íslenskra sjúkráþjálfara er fagfélag sjúkráþjálfara á Íslandi og nær nánast til allra sjúkráþjálfara landsins.

Stjórn FÍSP finnst miður að enginn sjúkráþjálfari skuli hafa verið valinn til setu í nefndinni sem ráðherra skipaði í október 2003 þar sem lög þessi munu snerta alla sjúkráþjálfara sem veita heilbrigðisþjónustu, hvort sem er innan stofnana eða einkarekinnar þjónustu.

Við beinum þeirri ósk til hlutaðeigandi að félaginu verði boðin þátttaka í nefndum sem fjalla um málefni fagsins og stéttarinnar og þannig getum við lagt okkar lóð á vogaskálarnar strax í upphafi.

Umsögn stjórnar FÍSP við frumvarp til laga um embætti landlæknis er eftirfarandi og í raun sú sama og við sendum inn í ágúst s.l.

Þessa umsögn setjum við fram í samræmi við umsögn okkar um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu.

6.gr. Eins og við bentum á í athugasemdum okkar við frumvarp um heilbrigðisþjónustu þá hafa félög heilbrigðisstarfsmanna mörg hver sjálf sett fram lágmarkskröfur um



húsnæði, aðstöðu, tæki og búnað til rekstur heilbrigðisþjónustu enda er það þar sem fagþróunin og þekkingin á þessum málum er hvað dýpst. Þessar lágmarkskröfur hafa verið endurskoðaðar reglulega og yfirleitt í tengslum við samningagerð við HTR enda eðlilegt að það tvennt haldist í hendur. Telur stjórn FÍSP því eðlilegt að svo verði áfram og landlæknir komi þá frekar inn sem umsagnar og samræmingaraðili.

- 7.gr. Eftirlitshlutverk landlæknisembættisins mun verða geysilega viðamikil samkvæmt þessari lagagrein, eins og við bentum í athugasemdum okkar um lagafrumvarpið um heilbrigðisþjónustu. Fram til þessa hefur eftirlit landlæknisembættisins ekki verið mjög virkt allavega m.t.t. starfssemi sjúkráþjálfunar heldur hefur það frekar verið í höndum TR sem eftirfylgni og eftirlit með samningum við HTR. Við leiðum því hugann að því hvort að ekki þurfi að samræma þessi eftirlitshlutverk svo það sé alveg ljóst hver hefur hvaða hlutverk og hvernig því skuli sinnt. Rétt er að taka fram að FÍSP telur að virkt eftirlit sé einungis af hinu góða sem tryggji megi enn frekar gæði þjónustunnar. Samkvæmt þessari lagagrein þá þarf klárlega aukið fjármagn og aukinn mannskap til landlæknisembættisins svo mögulegt verði að sinna tilskyldu eftirlitshlutverki um rekstur og starfrækslu heilbrigðisþjónustu í landinu.

Verði af því að þessar lagagreinar verði samþykktar þá bendir stjórn FÍSP á enginn sjúkráþjálfari starfar hjá Landlæknisembættinu og því tímabært að svo verði með breyttu hlutverki embættisins.

- 12.gr Varðandi þessa lagagrein þá veltum við því fyrir okkur hvort að kvörtun til landlæknis geti einungis komið frá notendum heilbrigðisþjónustunnar. Getur einn heilbrigðisstarfsmaður ekki lagt fram kvörtun til landlæknisembættisins yfir öðrum



Félag íslenskra sjúkráþjálfara

heilbrigðisstarfsmanni ? Teljum rétt að skoða hvort að slíkt ákvæði ætti ekki að vera þarna inni þar sem siðareglur félaganna ná ekki alltaf til allra starfandi starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar.

Að lokum vill stjórn Félags íslenskra sjúkráþjálfara þakka fyrir það tækifæri að fá lagafrumvarp þetta umsagnar og vonar svo sannarlega að tekið verði tillit til þeirra athugasemda sem hér eru settar fram.

Virðingarfyllst,

Stjórn FÍSp,

Auður Ólafsdóttir, formaður
Héðinn Jónsson, varaformaður
Mundína Á Kristinsdóttir, gjaldkeri
Gunnhildur A Vilhjálmsdóttir, ritari
Halldóra Eyjólfsdóttir, meðstjórnandi